

Alþingi
Erindi nr. P 133/1250
komudagur 27. 3. 2007
3/1

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK


Reykjavík 26. febrúar 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tollkvóta við innflutning landbúnaðarvara, 621. mál, aukin heimild.

Neytendasamtökin leggjast alfarið gegn því að tollkvótar á innfluttar landbúnaðarvörur séu boðnir út. Ljóst er kostnaður innflytjenda af útboðum vegna tollkvóta fer út í vöruverð og því njóta neytendur ekki lægra verðs vegna innflutnings á takmörkuðu magni landbúnaðarvara sem heimilt er að flytja inn. Einnig telja Neytendasamtökin mikilvægt að þessi takmarkaði innflutningur skapi aukna samkeppni í sölu á landbúnaðarvörum. Ljóst er að tollkvótar sem boðnir eru út koma í veg fyrir þetta, enda kemur fram í umsögn fjárlagaskrifstofu Fjármálaráðuneytisins að tekjur ríkisins af gjaldi fyrir tollkvóta muni aukast að óbreyttu.

Neytendasamtökin hvetja til þess að 65. grein laganna verði breytt þannig að hætt verði að bjóða út tollkvóta. Þess í stað má úthluta þeim með útdrætti eða með hlutkesti.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendasamtakanna


Johannes Gunnarsson formaður